

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Jónu Símóníu Bjarnadóttur, forstöðumanns
Dags. 1. mars 2017
Mnr. 2016020047



ÍSAFJÖRÐARBÆR

Minnisblað - Breytingar á gjaldskrá Safnahússins

Meðfylgjandi er ný gjaldskrá fyrir Safnahúsið. Hún hefur tekið þremur breytingum frá gjaldskránni 2016/2017:

1. Gjald fyrir myndaleit hækkar úr kr. 1.000,- pr. klst í kr. 3.000,- óháð tímafjölda
2. Gjald fyrir myndvinnslu fer úr kr. 1.000,- pr klst í kr. 2.500,- pr klst
3. Hætt verður að taka gjald fyrir útlán á DVD diskum sem var kr. 300,- og kr. 400,-.

Rökstuðningur fyrir breytingum:

Mikil aukning hefur verið síðustu vikur í notkun á ljósmyndasafninu og telur safnvörður að núverandi gjaldskrá endurspegli ekki kostnaðinn við þá vinnu sem fer í myndaleit. Þetta þýðir að lágmarksgjald fyrir afgreiðslu fer úr kr. 1.000,- í kr. 3.000,-.

Sama á við um myndvinnsluna, þ.e. þegar myndir eru lagfærðar í tölvu. Núverandi gjaldskrá endurspeglar ekki þá raunvinnu sem að baki liggur og því lagt til að gjaldið verði hækkað í kr. 2.500,-.

Mörg bókasöfn hafa tekið það skref að afnema gjaldtöku fyrir DVD diska þar sem stærsti hluti þeirra DVD mynda sem þau eru að lána eru barnamyndir. Sama gildir um safnið hér.

Við teljum að það tap á tekjum sem af því hlýst vegna leigu DVD diska komi inn með þeirri hækkun sem verður á afgreiðslu ljósmyndasafnsins og því komi þessar breytingar ekki til með að hafa áhrif á fjárhagsáætlun hússins fyrir árið 2017.

Jóna Símónía Bjarnadóttir